

Nefndasvið Alþingis,  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. mars 2014  
2014030015/42-1-1  
MG,TB  
jgo,tb

### Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn, 246. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 13. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn (heildarlög), 246. mál.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að sett sé heildstæð löggjöf um skjalasöfn hins opinbera.

Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að hafa í lögnum ákvæði 24. gr., 6. lið þar sem kveðið er á um að skjalavörslustofnun geti að höfðu samráði við viðeigandi afhendingaraðila takmarkað aðgengi að upplýsingum sem til dæmis varða heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.


25. grein frumvarpsins er einnig mikilvæg til að unnt sé að gæta upplýsinga um almannahagsmuni eins og greinir frá í 6. tölulið 24. greinar. Heimkynni fágætra tegunda lífvera gætu þurft að fara leynt í lengri tíma en 110 ár, og er því eðlilegt að skjalavörslustofnun hefði samráð við afhendingaraðila í slíkum tilvikum. Nokkuð hefur borið á því að ferðaþjónustuaðilar hafi óskað eftir því að fá leyfi til að fara með ferðamenn að varpstöðum og óðölum sjaldgæfra fuglategunda t.d. til myndatöku en ákveðnar tegundir halda sig áratugum og öldum saman á sama stað. Þetta hefur því miður spillt varpi, jafnvel tegunda sem eru friðaðir eða á valista. Ásókn safnara í fágætar steintegundir og steingervinga er þekkt en fundarstaðir steinda og steingervinga hafa sama aldur og jarðasaga þeirra. Með stórauðinni ferðamennsku um landið er hætt á að ásókn í fágætar lífverur og steindir og steingervinga aukist en t.d. er óheimilt að flytja úr landi náttúrugripi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar. Það eru tvímælalaust almennahagsmunir að vernda náttúru Íslands, sbr. ýmis lög sem um það gilda, þar með talin eru ýmis ákvæði sem kveða á um að vernda skuli eða haldið sé leyndum fundarstöðum fyrir fágætar tegundir lífvera, steinda og steingervinga.



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

